

10. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, í júní 1949.

Ásgeir Magnússon. Unnur Ásmundsdóttir.

102

3. júní

AUGLÝSING

103

5. júní

um afnám reglna nr. 108 10. júlí 1944, um flokkun og mat á ópveginni ull.

Reglur um flokkun og mat á ópveginni ull frá 10. júlí 1944 eru hér með úr gildi felldar

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. júní 1950.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

104

6. júní

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948.

Stafliðir A, B og C í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.75 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 75 auru hver kwst., auk fastagjalds, er nemi 60 auru á mánuði á hvern m² gólfplatá í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur skal deila fermetragjaldinu með tveimur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 50 auru hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Til herbergja skal ekki telja ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal telja sem hálft, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m² má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélar.

Þar, sem raforka er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst.mæli á 95 auru hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

104 6. júní	2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:									
	Fyrstu	50	þús. kwst.	ársnotkun á 42	aura hver kwst.					
	Næstu	100	—	—	—	—	38	—	—	—
	Næstu	100	—	—	—	—	33	—	—	—
	Umfram	250	—	—	—	—	29	—	—	—

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegis og 1 stund að kvöldi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. júní 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

105
8. júní

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórn bæjarráði kaupstaðarins.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til fasteignaskatts, og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir hinni lögskipuðu fasteignamatsvirðingu húsanna, að undanskildu virðingarverði lóðanna. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því.

3. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem svo er ástätt um, sem um getur í 2. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 10 af þúsundi fasteignamatsverðs. Þó skal af húsum, sem að dómi bæjarstjórnar nota vatn til annars en til venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, greiðast vatnsskattur 30 af þúsundi fasteignamatsverðs.

4. gr.

Fyrir öll önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

- Fyrir vatn til skipa kr. 7.00 fyrir hverja smálest, ef tekið er yfir 20 smálestir, ella kr. 8.00. Þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en kr. 15.00 fyrir fiskiskip og kr. 30.00 fyrir öll önnur skip.
- Fyrir vatn í sildar- og kjötpækil 15 aurar fyrir hverja tunnu sildar eða kjöts.
- Fyrir vatn til fiskþvotta, frystihúsa og verksmiðjureksturs heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum og skal þá greiða allt að 90 aura fyrir hverja smálest upp að 1000, en 50 aurar hverja smálest, sem umfram er.
- Enginn má setja hreyfivélar í samband við vatnsæðar án leyfis bæjarráðs.